

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Tilgangur – Markmið – Ábyrgð	4
2.1.	Tilgangur	4
2.2.	Markmið og viðbragðsaðilar	5
2.3.	Ábyrgð	5
2.4.	Neyðarþjónusta	6
3.	Fræðsla og æfingar	9
3.1.	Fræðsla – Þjálfun í neyðarviðbrögðum	9
3.2.	Æfingar í neyðarviðbrögðum	10
4.	Skilgreining neyðaratvika og óhappa	11
4.1.	Neyðarástand	11
4.2.	Eldsvoði	11
4.2.1.	Minniháttar eldvoði	12
4.2.2.	Meiriháttar eldsvoði	12
4.2.3.	Viðhald brunahana	12
4.3.	Slys á fólki	12
4.3.1.	Skyndihjálparslys (first aid)	13
4.3.2.	Meðferðarslys (medical treatment)	13
4.3.3.	Bráðaatvik (emergency accident)	13
4.3.4.	Vinnutakmörkun	13
4.3.5.	Meðferð slasaðra á svæðinu	13
4.3.6.	Eftirfylgni slysa	13
4.3.7.	Neyðarflutningur af svæðinu	13
4.3.8.	Sjúkrahús	13
4.4.	Mengunarslys	14
4.4.1.	Minniháttar mengunarslys	14
4.4.2.	Meiriháttar mengunarslys	14
4.5.	Efnaslys (rannsóknarstofa)	14
4.6.	Efnaslys (vatnshreinsivirki)	14
4.7.	Sprenging	15

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Samþykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður
4.8.	Neyðarrýming				15
4.9.	Almannavarnaástand, jarðskjálftar, eldgos, óveður og önnur náttúruvá				16
4.10.	Sjúkdómar				16
4.11.	Læknisþjónusta				16
4.12.	Skráning slysa, sjúkdóma og veikinda				16
4.13.	Viðbrögð við rafmagnsleysi				16
4.14.	Neyðarrafstöðvar				16
4.15.	Vatn				17
4.16.	Eldsneyti				17
4.17.	Framleiðsla				17
5.	Skemmdir á eignum og tækjum				17
5.1.	Minniháttar skemmdir á eignum				17
5.2.	Meiriháttar skemmdir á eignum				17
5.3.	Hryðju- eða skemmdarverk				18
6.	Rannsókn, skráning atvika				18
6.1.	Næstum því slys				18
6.2.	Hættulegar aðstæður				18
7.	Samskipti – samfélag				19
7.1.	Fjölmíðlar				19
7.2.	Lagaálitamál				19
7.3.	Samvinna við stéttarfélag				19
7.4.	Sveitarfélag				19
7.5.	Upplýsingagjöf um atvik eða slys				19
7.6.	Upplýsingagjöf til stofnana vegna starfsleyfis				19
7.7.	Upplýsingagjöf til lögreglu				19
7.8.	Upplýsingagjöf til Vinnueftirlits og Mannvirkjastofnunar				20
7.9.	Upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits				20
8.	Stjórnstöðvar og önnur aðstaða í vá				20
8.1.	Neyðarstjórnstöð				20
8.2.	Söfnunarsvæði				20
8.3.	Neyðarskýli				20

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

8.4.	Fjöldahjálparstöðvar	20
9.	Öryggisgæsla	20
9.1.	Stjórnstöð.....	21
9.2.	Öryggi á vinnusvæði.....	21
9.3.	Starfsmannaskilríki	21
9.4.	Gestir	21
10.	Boðleiðir og fjarskipti í vá	21
10.1.	Boðleiðir	21
10.2.	Fjarskipti	22
11.	Viðbrögð við vá	22
11.1.	Rýming.....	24
11.2.	Flutningur starfsmanna.....	25
12.	Neyðarnúmer og TETRA talhópar	26
12.1.	Lögregla og slökkvilið	26
12.2.	Sjúkrahús og sjúkrabílar	26
12.3.	Heilsugæsla	26
12.4.	Björgunarsveitir.....	26
12.5.	Vegagerðin og Veðurstofan	26
12.6.	Neyðarsímanúmeralisti – Bjargir.is.....	26
12.7.	Neyðarnúmer sjúkraþjónustu.....	26
12.8.	TETRA-talhópar AF	28
13.	Tilkynningarlisti	28

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

1. Inngangur

Þessi almenna viðbúnaðaráætlun Alcoa Fjarðaáls (AF) byggir á ASAT kröfum EHS.1.10 (ISO 14001 og ISO 45001 frá mars 2018). Áætlunin tekur á grunnþáttum skipulags í neyðarviðbrögðum hjá AF, hversu viðbúin við erum að takast á við slysa eða atvik. Öll svæði AF eru með eigin viðbragðsáætlanir sem byggja á þessari áætlun og þeim sértæku aðstæðum sem eru á hverju svæði.

Mikilvægt er að bregðast tafarlaust við hættuástandi sem ógnar starfsmönnum, eignum eða rekstri. Þessi áætlun beinist því einkum að neyðarskipulagi fyrirtækisins við neyðarástandi sem skapast vegna slysa á fólki, sprenginga, eldsvoða, rafmagnsleysis, náttúruhamfara, spilliefnaleka, hryðjuverka eða annarra hluta sem skapa þörf á neyðarviðbrögðum.

Áætlunin er liður í að undirbúa alla starfsmenn AF til að bregðast hættum sem koma upp og veita almennar leiðbeiningar um hlutverk, hjálparkeðjur og viðbragðsáætlanir.

Áætlunin inniheldur, en takmarkast þó ekki við fyrstu viðbragðsliða, forstjóra, framkvæmdastjóra, neyðarstjórn, neyðarteymi, öryggisgæslu, viðbragðsaðila og hjálparúrræði sveitarfélagsins.

Áætlunin skal vera æfð, endurskoðuð og uppfærð á fimm ára fresti. Ef frávik eru í æfingum, eða stórvægilegar breytingar á ferlinu, skal sá hluti áætlunarinnar endurskoðaður. Æfingar í alls kyns neyðarviðbrögðum innihalda en takmarkast ekki við: skyndihjálp, slysavettvanga, fjöldaslysaæfingar, eldsvoða, rýmingu, náttúruhamfarir og spilliefni. Æfingar skulu framkvæmdar til að tryggja hæfni og viðbragðsflýti neyðarteymis AF (ERT). Allar viðbragðsáætlanir vegna vár í þessari áætlun skulu skráðar og rýndar m.t.t. að bæta hæfni þáttakenda.

Munurinn á fullkominni stjórn á neyðarviðbrögðum og algeru öngpveiti getur falist í því að geta hratt og örugglega miðlað váboðum, viðvörnum og fyrirmælum á vinnustað og biðja um aðstoð utan frá þegar nauðsyn krefur. Boðskipti og hjálparkeðjur eru lykilþættir í öllum viðbragðsáætlunum.

Áætlunin er unnin í samvinnu við öll ferli AF ásamt og í samstarfi við Slökkvilið Fjarðabyggðar og öryggisgæslu. Áætlunin er kynnt fyrir Björgunarsveitum á svæðinu, verkötum sem vinna á lóð fyrirtækisins og samstarfsaðilum á svæðinu.

Áætlunin ásamt neyðarviðbrögðum og rýmingaáætlunum svæða er vistað á *SharePoint* síðu UHÖ undir Neyðarviðbrögð

2. Tilgangur – Markmið – Ábyrgð

2.1. Tilgangur

Þetta skjal styður UHÖ-stefnu fyrirtækisins og uppfyllir skilyrði og markmið sem þarf til að virkja neyðarviðbrögð hjá AF.

Það er stefna fyrirtækisins að starfa með öruggum og ábyrgum hætti. Virða heilbrigði starfsfólks, umhverfið, viðskiptavini og samfélög sem við störfum í. AF stofnar ekki öryggi, heilsu og umhverfi í hættu fyrir hagnað eða framleiðslu.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Samþykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Markmið AF er að engin vinna sé framkvæmd nema að varnarlög séu til staðar til að fyrirbyggja alvarleg slys þegar óhöpp verða. Fyrirtækið kappkostar að skapa öruggt vinnuumhverfi með innleiðingu viðamikillar öryggisáætlunar og þjálfun allra starfsmanna álfersins í öryggis- og neyðarviðbrögum.

Í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum hjá AF er byggt á þeirri grunnhugmynd að hægt sé að koma í veg fyrir alvarleg slys. Allri vinnu er skipt í skref sem eru skoðuð með kerfisbundnum hætti til að greina allar hættulegar aðstæður. Á grundvelli upplýsinganna fer fram áhættumat og gerð vinnulýsinga og varnarlög innleidd, sem eiga að útiloka slyshættur og aðrar hættur sem ógna starfsmönnum og umhverfi.

Til að uppfylla þá stefnu AF að vernda öryggi starfsmanna og hreint umhverfi er þessi áætlun unnin til að taka á náttúruógnum og slysum með öðrum viðbragðsáætlunum og skipulögðum aðgerðum sem eiga að fást við jafnt lítil frávík sem og stærri atvik (MI). Þetta tryggir að á öllum ytri og innri ógnunum verður tekið með fullum þunga til að hindra slys á starfsfólki, lágmarka tjón á eignum og vernda umhverfi.

Öryggistjórnunarkerfi fyrirtækisins fyrir reglubundinn rekstur er úr tíu þáttum sem saman afhjúpa hættur á frumstigi, veita aðvörun í tæka tíð sem gerir kleift að bregðast við og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum. Þessir þættir eru:

- Hættumat.
- Áhættugreining og áhættumat.
- Innleiðing varnarlaga.
- Viðbragðsskipulag.
- Verklagsreglur/vinnulýsingar.
- Þjálfun starfsmanna.
- Velferð búnaðar og fyrirbyggjandi viðhald.
- Regluleg skoðun á hættumati, áhættugreiningu, vinnulýsingum og verklagsreglum.
- Skráning atvika og rótargreining sem leiðir til fyrirbyggjandi aðgerða.
- Úttektir og eftirfylgni.

Þessi áætlun lýsir og tekur á neyðarviðbrögðum sem skapast við það þegar atvik, frávík eða óæskilegur atburður á sér stað sem veldur eða er líklegur til þess að valda slysi á fólki eða umhverfi eða valda skemmdum á búnaði eða byggingum. Jafnframt ef atvik brýtur eða er líklegt til þess að brjóta gegn innri UHÖ stefnu AF, markmiðum, stöðlum eða þeim lögum og reglugerðum sem gilda í UHÖ-málum eins og starfsleyfi.

2.2. Markmið og viðbragðsaðilar

Markmið með áætlunarinnar er að:

- Koma í veg fyrir alvarleg slys á fólki.
- Vernda umhverfi.
- Skýra hlutverk og ábyrgð aðila vegna neyðarviðbragða.
- Skýra boðleiðir og hjálparkeðjur.
- Hindra eða lágmarka tjón á framleiðslu, eignum og búnaði fyrirtækisins.
- Skapa samfellu, skjót og örugg vinnubrögð vegna neyðarviðbragða og endurræsingar á starfssemi.

2.3. Ábyrgð

Áætlunin er yfirlitsskjal yfir almenn neyðarviðbrögð og skilgreiningar hjá AF. Hvert vinnusvæði hefur ítarlegri viðbragðsáætlunir út frá þeirri starfssemi og búnaði sem þar er.

Ábyrgð forstjóra AF að:

- tryggja að áætlunin sé til staðar og farið sé eftir henni ef slys verður, truflun, upppot eða önnur möguleg vá í verksmiðjunni.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Ábyrgð framkvæmdastjóra UHÖ að:

- sjá til þess að áætlunin sé unnin samkvæmt lögum og stöðlum.
- sjá til þess að áætlunin sé endurskoðuð á fimm ára fresti eða þegar lagfæringa gerist þörf skv. lögum eða eftir æfingar/atvik samkvæmt rötargreiningum þar um.
- sjá til þess að samvinna og samskipti vegna áætlunarinnar eigi sér stað milli AF og utanaðkomandi aðila sem AF á í sambandi við svo sem verktakar, viðbragðsaðilar og sveitarfélag.
- sjá til þess að áætlunin sé kynnt og innleidd.

Það er ábyrgð allra starfsmanna AF og verktaka sem vinna inn á lóð AF að:

- kynna sér og fara eftir viðbragðsáætlunum þeirra svæða sem þeir vinna á.
- Sérstök ábyrgð er lögð á umsjónaraðila verktakans að ganga úr skugga um að verktakinn hafi kynnt sér áætlunina.

2.4. Neyðarþjónusta

AF og Fjarðabyggð eru með samsstarfssamning um neyðarþjónustu í sveitarfélaginu. Slökkvilið Fjarðabyggðar sér um viðbragðsþjónustu fyrir AF og eru starfandi sjálfbóðaliðar í neyðarteymi fyrirtækisins.

Framkvæmdarstjóri UHÖ og sérfræðingur í öryggismálum AF funda reglulega með slökkviliði á staðnum og upplýsa og vinna saman að þróun neyðarviðbragða. Fundað er með heilbrigðisstofnun, björgunarsveitum og lögreglu þegar tilefni er til.

AF, Landsnet og Landsvirkjun eru í samstarfi um viðbrögð við atvikum í raforkukerfinu. AF tekur einnig þátt í neyðarsamstarfi raforkukerfisins NSR.

Neyðarstórn

Meðlimir Neyðarstjórnar AF eru forstjóri og framkvæmdastjórar. Þeir fá þjálfun í tengslum við æfingar NSR og æfingaáætlun AF. Hlutverk neyðarstjórnar er að sinna aðgerðastjórnun þ.e. hafa umsjón með, styðja og hafa yfirsýn yfir viðbrögð fyrirtækisins vegna vár. Neyðarstjórn styður leiðtoga starfssvæða í neyðarviðbrögðum og hefur umsjón með samskiptum við fjölmiðla. Neyðarstjórn greinir vá og ákveður gerð viðbragðsáætlana vegna þeirra eftir því sem við á.

Boðun: Boðun neyðarstjórnar fer fram með SMS skilaboðum og/eða símtali frá forstjóra eða staðgengli hans. Neyðarstjórn kemur tafarlaust saman við tilkynningu um vá, mætir í neyðarstjórnstöð og stjórnar aðgerðum í samræmi við SÁBF (NEY-HLU-001).

Stjórnstöð Neyðarteymis er sett upp þar sem þykir henta hverju sinni.

Leiðtogar

Leiðtogar eru stjórnendur á vettvangi atviks/vár. Hlutverk leiðtoga er að stjórna aðgerðum á vettvangi með megin áherslu á að tryggja sem best öryggi starfsfólks og annarra á svæðinu og að aðgerðir gangi fúllaust og örugglega (NEY-HLU-002). Ef atvik er það stórt að utanaðkomandi viðbragðsaðilar eru kallaðir til, fer lögreglustjórinn á Austurlandi með vettvangsstjórn.

Boðun: Leiðtogi fer tafarlaust á vettvang við tilkynningu um vá og stjórnar aðgerðum á staðnum með það að markmiði að vernda starfsfólk.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Neyðarteymi AF

Meðlimir Neyðarteymis AF, eru starfsmenn AF og eru þjálfaðir í neyðarviðbrögðum af Slökkviliði Fjarðabyggðar. Framkvæmdastjóri UHÖ ber ábyrgð á mönnun og reglulegum heilsu- og þrekprófum neyðarteymis. Hlutverk neyðarteymis í neyðarviðbrögðum eru undir stjórn slökkviliðsstjóra á vettvangi.

Boðun: Vitni að atviki / leiðtogi boðar neyðarteymi með símtali til . Við útkall frá mæta meðlimir neyðarteymis tafarlaust á vettvang og taka að sér hlutverk sem stjórnandi slökkviliðs úthlutar.

- 1.boð: Mæting allra meðlima neyðarteymis sem eru í vinnu.
- 2.boð: Mæting allra meðlima neyðarteymis sem eru í næsta nágrenni en ekki í vinnu.
- 3.boð: Mæting allra meðlima neyðarteymis.

Öryggisgæsla

Reglulegar úttektir eru gerðar af öryggisgæslu AF sem þeir skrá í atvikaskráningarkerfi AF samkvæmt viðeigandi ferli. Öryggisgæsla sér um mánaðarlegar skoðanir á slökkvibúnaði verksmiðjunnar, þar með talið slökkvitækjum, sprinklerkerfum og brunaviðvörðunarkerfum auk skoðana á gasbúnaði. Tæknideild öryggisgæslu sér um eftirlit og viðhald við neyðarlýsingar.

Hlutverk öryggisgæslu í neyðarviðbrögðum felst í fyrstu viðbrögðum og gæslustörfum í samræmi við viðbragðsáætlanir undir stjórn leiðtoga. Hlutverk öryggisgæslu er einnig að sjá til þess að neyðarherbergi á heilsugæslu sé tilbúið til að taka við sjúklingum, aðstoða við fyrstu hjálp á vettvangi og aðstoða viðbragðsaðila, eftir þörfum, inni í neyðarherbergi.

Tilkynning: Tilkynning um neyðaratvik er send á öryggisgæslu með SMS skilaboðum frá Neyðarlínunni.

Slökkvilið Fjarðabyggðar

Slökkvilið Fjarðabyggðar ber ábyrgð á öllum brunavörnum og sjúkraflutningaþjónustu fyrir AF samkvæmt samningi þar um. Slökkviliðið tekur einnig þátt í allri starfsemi samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Samkvæmt þeim ber slökkvilið Fjarðabyggðar ábyrgð á að þjálfa slökkviliðsmenn sína og veita að lágmarki 4 stunda þjálfun á mánuði fyrir allt að 40 manns í neyðarteymi hjá AF.

Slökkviliðið bregst við og sér um hreinsun ef spilli – eða ef eiturefnaleki verður í eða við álver AF. Þjónusta slökkviliðs Fjarðabyggðar er allan sólarhringinn.

Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur aðsetur vestan við álverssvæðið og hefur greiðan aðgang að verksmiðjusvæði Alcoa Fjarðaaáls. Neyðarhlið, sem er hægt að keyra niður, er við hliðina á aksturshliði.

Slökkviliðsbílar og viðbragðsbúnaður, sem hafa afköst og getu til að uppfylla þarfi AF, eru staðsettir á slökkviliðstöð Slökkviliðs Fjarðabyggðar. Slökkviliðið sér um viðhald og skoðanir á sínum búnaði.

Boðun: Vitni að atviki / leiðtogi / öryggisgæsla boðar slökkvilið og sjúkraflutinga með símtali til Neyðarlínu.

Skuggaboð berast til neyðarstjórnar og neyðarteymis (mæta þeir sem eru á vakt).

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

NSR hópur

Meðlimir NSR hópsins eru framkvæmdastjóri áreiðanleika, rafveitustjóri og aðrir starfsmenn rafveitu. Hlutverk hópsins er að bregðast við þegar skyndilegt straumrof á sér stað og/eða hætta er á raforkuskorti til AF.

Boðun: Boðun fer fram í gegn um Bjargir (Neyðarlína) þegar vá steðjar að raforkukerfinu eða hætta er á raforkuskorti hjá AF. Hópurinn grípur til aðgerða í samræmi við viðbragðsáætlanir rafveitu hjá AF og Landsvirkjunnar.

Áfallahjálp

Áfallahjálp er veitt af fagaðilum. Gert er ráð fyrir því að, ef þörf er á áfallahjálp, verði viðeigandi aðstoð sótt til fagaðila en mannauðsteymið og heilsugæsla sjá um að útvega þá þjónustu.

Umhverfis-, heilsu- og öryggisteymi (UHÖ)

Meðlimir UHÖ teymis eru framkvæmdastjóri UHÖ, sérfræðingar á sviði umhverfis, heilsu og öryggis og UHÖ fulltrúar. Framkvæmdastjóri UHÖ ber ábyrgð á þjálfun og mönnun teymisins.

Hlutverk teymisins er m.a. eftirfarandi:

- Stuðningur við starfsmenn til að ná markmiðum sínum í öryggismálum
- Aðstoða starfsmenn og verktaka við verkundirbúning
- Stuðningur, aðstoð og þjálfun öryggishlutverka
- Þátttaka og stuðningur við rannsóknir atvika og fyrirbyggjandi aðgerða.
- Ráðgjöf og fræðsla
- Verkefirlit, öryggisúttektir og staðfesting á tilveru varnarlaga
- Úrvinnsla gagna
- Samskipti við EHS Evrópu/Global
- Samskipti við Vinnuefirlit Ríkisins

Boðun: Þegar tilkynning berst um slys á fólki, eða aðra vá, í gegn um Bjargir eða frá framkvæmdastjóra UHÖ, setur starfsfólk UHÖ sig í samband við vakthafandi leiðtoga og bíður fram aðstoð við rannsókn atviks. Ef um alvarlegt slys er að ræða er ástandið metið í samráði við framkvæmdastjóra UHÖ hver fer á staðinn.

Aðrir starfsmenn

Tilkynning: Við tilkynningu um vá bregst starfsfólk við í samræmi við viðbragðsáætlanir hvers svæðis fyrir sig og tekur að sér hlutverk eftir úthlutun vakthafandi leiðtoga á vettvangi.

Heilsugæsla

Neyðarherbergi fyrir slasaða einstaklinga er í byggingu 620. Í herberginu er skyndihjálparbúnaður og annar sjúkrabúnaður. Hjartastuðtæki er í bíl öryggisgæslu og á öllum starfssvæðum AF.

Mánaðarlegt eftirlit með, sjúkrabúnaði, hjartastuðtækjum og öðrum neyðarbúnaði er hjá öryggisgæslu.

Ávallt skal hringja í og upplýsa um atvik, og Neyðarlínan sér um að boða lækni, sjúkrabíl, slökkvilið eða lögreglu allt eftir umfangi atviks.

Hjúkrunarfræðingur/ar verksmiðjunnar eða starfsfólk öryggisgæslu veita neyðaraðstoð, hlúa að sjúklingnum og búa hann undir flutning í neyðarherbergi eða af svæðinu með sjúkrabifreið.

Utan dagvinnutíma, þegar hjúkrunarfræðingur er ekki til taks, annast starfsfólk öryggisgæslu skyndihjálparþjónustu. Bæði á heilsugæslu og úti á vettvangi.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Lögreglan

Lögreglunni er tilkynnt um, lögbrot, hótanir, ágang, ógnanir hvers konar, hugsanleg mótmæli og ef þekktir mótmælahópar eru á svæðinu. Lögreglan sér um rannsóknir á lögbrotum og sinnir almennri rannsóknarskyldur skv. Lögreglulögum (90/1996).

Í alvarlegum atvikum þar sem lögreglan fer með stjórn vettvangs er unnið eftir stjórnunarkerfi Almannavarna (SÁBF).

Boðun fer fram með aðstoð Neyðarlínu.

Björgunarsveitir

Björgunarsveitir í Fjarðabyggð og nærliggjandi sveitafélögum eru vel útbúnaðar. Þær búa yfir vel þjálfuðum einstaklingum og eru góður liðsauki fyrir neyðarteymi AF og aðra viðbragðsaðila ef þörf krefur.

Boðun fer fram í gegnum Neyðarlínu **112**.

1 1 2 Neyðarlínan

Tilkynning: Ef þörf er á neyðaraðstoð er hringt í **112**.

Hjá Neyðarlínunni er sólarhringsþjónusta. Neyðarlínan bregst við og tilkynnir viðkomandi viðbragðsaðila, t.d. lögreglu, slökkviliði, sjúkrabíl, björgunarsveitum og öðrum þeim sem við á ef þörf er að neyðaraðstoð hjá AF. Neyðarlínan tilkynnir einnig neyðarteymi og öðrum björgunar- eða stuðningsteymum álfersins.

Sérfræðingur öryggis ber ábyrgð á að uppfæra vettvangseiningar í útkallskerfi Neyðarlínu, Bjargir. Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á að réttir aðilar sem hafa skilgreind hlutverk í viðbrögðum við vá séu skráðir á útkallslista Neyðarlínunnar.

Við boðun viðbragðsaðila AF vegna útkalls skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi:

- F1 – Mesti hraði – mannlíf í húfi – tafarlaus mæting.
- F2 – Mikill hraði – mæting sem fyrst.
- F3 – Lítil hraði– viðbragðsstaða vegna mætingar – afla upplýsinga.
- F4 – Ekki forgangur– afla upplýsinga – einnig ef æfing eða prófun.

Við boðun viðbragðsaðila skal tilgreina:

- ✓ forgang boðunar, alvarleikastig og umfang.
- ✓ staðsetningu atviks.
- ✓ til hvers konar aðgerðar er verið að boða.
- ✓ hver sendir út boðin.
- ✓ hverja er verið að boða til aðgerða.

3. Fræðsla og æfingar

3.1. Fræðsla – Þjálfun í neyðarviðbrögðum

Í viðbrögðum við vá getur góð þjálfun, árvekni og undirbúningur skilið á milli smáskaða og stórslyss þar sem um líf eða dauða er að ræða. Góð þjálfun, skýr hlutverkalýsing og réttar boðleiðir eru lykilatriði réttra viðbragða.

Neyðarstjórn, allir framkvæmdastjórnar, leiðtogar, UHÖ-teymið, neyðarteymið, öryggisgæsla skulu sitja námskeið um SÁBF sem haldið er á vegum AF. Framkvæmdastjóri UHÖ ber ábyrgð á námskeiðinu. Námskeiðið er unnið út frá fræðslufni Almannavarna. Á námskeiðinu er farið yfir:

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

- ✓ Almenn viðbúnaðarætlun AF (þetta skjal).
- ✓ Verkpáttaskipulag SÁBF.
- ✓ Skilgreiningar á orðum og hugtökum.
- ✓ Hlutverk og ábyrgð.

Allir starfsmenn skulu fá kynningu á þessari áætlun og framkvæmdastjóri hvers teymis ber ábyrgð á að starfsmenn teymisins fái kynningu á viðbragðsáætlunum viðkomandi starfssvæðis.

Við þjálfun starfsmanna á starfssvæði er farið yfir hlutverkalýsingu með viðkomandi. Í hlutverkalýsingunni fyrir starfið kemur einnig fram hvert hlutverk viðkomandi aðila er í viðbrögðum við vá.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á því, í samráði við mannauðsteymi AF, að sjá til þess að þjálfun starfsmanna í neyðarviðbrögðum sé skráð.

Rafveitustarfsmenn og slökkviliðsmen fara á regluleg skyndihjálparnámskeið. Boðið er upp á skyndihjálparnámskeið fyrir aðra starfsmenn.

3.2. Æfingar í neyðarviðbrögðum

Rýmingaæfingar

Í samráði við slökkvilið skal vera einu sinni á ári á hverju starfssvæði:

- **Kerskáli**, kranaverksstæði og kerfóðrun.
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: ÁLF, KEF, ÁTR, VUM, UHÖ-Rannsókn, IT, Verktakar, Öryggisgæsla.
- **Kersmiðja**.
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: KEF, verktakar við kerfóðrun, UHÖ, skrifstofa, Öryggisgæsla.
- **Steypuskáli**, skrifstofa, hleðsluskáli, vatnshreinsivirki.
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: MÁL, UHÖ, ÁTR, Öryggisgæsla, Verktakar.
- **Skautsmiðja**, skrifstofa.
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: HRÁ, VUM, UHÖ, ÁTR, Öryggisgæsla, Verktakar.
- **Rafveita**.
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: ÁTR, UHÖ, Öryggisgæsla, Verktakar.
- **Bygging 620** – skrifstofur, kennslustofur, mötuneyti, búningskefar, móttaka.
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: INN, FJA, MAN, UHÖ, Öryggisgæsla, Verktakar.
- **Bygging 641** – skrifstofur, farartækjaverkstæði, vöruhús
Þátttaka starfshópa / teyma á svæðinu: ÁTR, UHÖ, Öryggisgæsla, Verktakar, Undirbúningur- framkvæmd/æfing og uppgjör/skýrsla.
- **Bygging 341** – skrifstofur, stjórnherbergi kerskála.
Þátttaka starfshópa / teyma UHÖ, ferlaþróunarteymi, tækniteymi kerskála, upplýsingatækniteymi, stjórnarsýsla.

Neyðaræfingar vegna rekstrar

Neyðarstjórn tekur þátt í árlegum innanhússæfingum AF ásamt völdum starfsmönnum, ásamt þátttöku í sameiginlegum æfingum viðbragðsaðila.

Einnig eru haldnar árlegar æfingar í samstarfi við Landsvirkjun og Landsnet. Þátttakendur í þeim æfingum eru starfsmenn rafveitu og er neyðarstjórn upplýst eftir atvikum.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

4. Skilgreining neyðaratvika og óhappa

4.1. Neyðarástand

Neyðaratvik er þegar innviðir AF ráða ekki við neyðaratvik sem upp koma innan svæðis AF. Þegar neyðaratvik eða óhapp á sér stað skal kalla Neyðarstjórn AF saman til aðstoðar fyrir stjórnendur á vettvangi.

4.2. Eldsvoði

Kviknað getur í bráðnum málmum, farartækjum, rafmagni, byggingum (burðarvirki), fljótandi eldsneyti og efnum. Kviknað getur í á opnum svæðum eða þar sem erfitt er að komast að vegna hæðar, í lokuðum rýmum eða neðanjarðar. Viðbrögðum er lýst í NEY-VBR-001 og viðbragðsáætlunum starfssvæða.

Líklegir eldar sem geta komið upp eru:

- Eldur vegna fljótandi málmum
- Eldur vegna annarra heitra hluta (t.d. glóandi hráefna og fl.)
- Eldur vegna heitrar vinnu
- Eldur vegna rafmagns
- Mannlegi þátturinn

Margar byggingar eru búnar reykskynjarakerfi og/eða slökkvikerfi, sem gefa merki (hljóð/ljós) og bregðast við eldboði, ásamt starfsmönnum og slökkviliði AF. Upplýsingar um eldvarnakerfi hverrar byggingar koma fram í rýmingaráætlunum vinnusvæða og listum hjá slökkviliði.

Almenn viðbrögð við eldsvoða eru að:

- ræsa** viðvörðunarkerfið ef það hefur ekki gerst sjálfkrafa,
- tryggja** eigin öryggi og annarra - rýma,
- hringja** í og tilkynna um eldinn.

Eftir viðvörðun og rýmingu, skulu þeir sem hafa verið þjálfaðir í meðferð slökkvitækja reyna að slökkva, án þess að skapa frekari hættu.

Boða skal Slökkvilið AF vegna allra elda annarra en þeirra sem eru litlir og auðslökkvir.

Starfsmenn, leiðtogar á vakt, öryggisgæsla og meðlimir neyðarteymis hafa hlutverk í viðbrögðum við eldsvoða í samræmi við þjálfun.

Aðeins þjálfaðir slökkviliðsmenn mega fást við stóra eða hættulega elda og nota til þess viðeigandi búnað.

Allir starfsmenn: Slökkva litla elda tafarlaust og tilkynna leiðtoga eða vakt í móttöku (NEY-VBR-001).

Leiðtogi á vakt (Stjórnandi á vettvangi) og öryggisgæsla: Meta hvenær kalla skal til slökkvilið með að hringja í Neyðarlínuna eða ýta á neyðarhnapp á talstöð. Þeir hefja rýmingu, taka á móti slökkviliði og veita upplýsingar um stöðu, aflétta rýmingu í samræði við slökkvilið (Viðbragðsáætlanir svæða í SharePoint).

Meðlimir Neyðarteymis: Aðstoða við slökkvistörf og rýmingu (NEY-HLU-003).

Stjórnandi Neyðarstjórnar: Virkjar neyðarstjórnstöð sé þess þörf (NEY-HLU-001).

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Framkvæmdastjóri hvers svæðis: Ber ábyrgð á atvikaskýrslu, rannsókn og úrvinnslu tjónsmats (VLR-FRH-UMB-001).

Alla eldsvoða skal tilkynna og skrá.

Engum skal leyft að fara aftur inn í bygginguna án leyfis stjórnanda á vettvangi.

4.2.1. Minniháttar eldvoði

Minniháttar eldsvoði er skilgreindur á þann hátt að ef starfsmenn AF geta ráðið niðurlögum eldsins með þeim slökkvibúnaði sem er til staðar og ekki er þörf á að kalla til frekari aðstoð.

Skrá skal atvikið í atvikaskráningarkerfi AF.

4.2.2. Meiriháttar eldsvoði

Meiriháttar eldsvoði er skilgreindur á þann hátt þegar kalla þarf til utanaðkomandi slökkvilið, skemmdir eru miklar og þegar stöðva þarf framleiðslu.

Tilkynna ber atvikið strax til framkvæmdastjórnar og einnig til Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar ef um rafmagnsbruna er að ræða.

4.2.3. Viðhald brunahana

Viðhald brunahana er í höndum viðhaldsdeildar AF og skulu prufanir og skolanir, á öllum brunahönum, fara fram einu sinni á ári. Prófanir og skolanir eru framkvæmdar af öryggisgæslu.

Alla eldsvoða skal tilkynna og skrá í atvikaskráningakerfið AF.

4.3. Slys á fólki

Heilsugæsla, öryggisgæsla og annað starfsfólk mun sjá um fyrstu hjálp þegar skyndihjálparslys verða á starfssvæði AF. Ef um bráðaatvik sem starfsfólk AF ræður ekki við skal kalla til frekari aðstoð í gegnum Neyðarlínuna með símtali eða með neyðarhnapp á talstöðvum.

Neyðarherbergi er staðsett í skrifstofubyggingu AF (620) en neyðarsturtur víða inni á framleiðslusvæðum í verksmiðjunni sjálfri.

Við hópslys skal hafa samband við Neyðarlínuna og óska eftir því að hópslysaáætlun á starfssvæði Almannavarna sé virkjuð. Ef hópslysaáætlun er virkjuð fer lögreglustjórinn á Austurlandi með stjórn vettvangs.

AF býður starfsmönnum reglulega upp á skyndihjálparnámskeið. Áhersla er lögð á grunnviðbrögð og viðbrögð við algengustu slysum hjá fyrirtækinu (NEY-VBR-003).

Nánari upplýsingar um skyndihjálp er að finna í skyndihjálpargögnum eða á vefsíðu Rauðakross Íslands: <http://www.skyndihjalp.is>.

Öll slys skulu tilkynnt og skráð.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

4.3.1. Skyndihjálparlys (first aid)

Minniháttar slys eru skilgreind sem slys sem hægt er að sinna á staðnum, t.d. með plástri, klælingu eða sambærilegri meðferð og starfsmaður getur haldið áfram sinni vinnu.

4.3.2. Meðferðarslys (medical treatment)

Slys sem þarfnast lækniástoðar eru slys sem ekki er hægt að búa um á staðnum og flytja þarf sjúkling af vettvangi til frekari ástoðar. T.d. beinbrot og skurðir sem þarf að sauma og ekki þarf að kalla til sjúkrafreið.

4.3.3. Bráðaatvik (emergency accident)

Ef um bráðaatvik er að ræða (lífi og limum ógnað) skal kalla til frekari ástoð í gegnum Neyðarlínuna með símtali eða með neyðarhnapp á talstöðvum. Neyðarlínan mun ástoða starfsmenn á vettangi með rétta meðhöndlun þar til frekari ástoð viðbragðsaðila berst.

4.3.4. Vinnutakmörkun

Vinnutakmörkun er slys þar sem starfsmaður getur ekki sinnt reglubundinni vinnu, en getur sinnt öðru starfi tímabundið innan AF.

4.3.5. Meðferð slasaðra á svæðinu

Á starfssvæði AF er vel útbúin heilsugæsla, með neyðarherbergi, og almennur sjúkrahúnaður víða á starfssvæðinu. Sjúkrahúnaður er merktur, með þar til gerðum merkjum, á þeim stöðum þar sem hann er staðsettur. Á heilsugæslunni er sjúkrahherbergi sem í er sjúkrahúnaður til að annast mjög slasaða einstaklinga þar til sérhæfð ástoð berst. Aðgengi fyrir sjúkrafreiðar er tryggt að sjúkrarýminu.

4.3.6. Eftirfylgni slysa

Ef slys verður þannig að aðili verður frá vinnu til lengri eða skemmri tíma skal vinnulýsing er varðar eftirfylgni virkjust. Ábyrgð á eftirfylgnin skal vera í höndum mannauðsteymis og heilsugæslu.

4.3.7. Neyðarflutningur af svæðinu

Móttökustaður sjúkrafreiðar er fyrirfram skilgreindur við heilsugæslu. Ef sjúkrafreið er kölluð til á starfssvæði AF, utan heilsugæslu þarf að geta þess í samtali við Neyðarlínuna hvert sjúkrafreiðin á að koma. Aðgangskort af starfssvæði AF er í sjúkrafreiðum.

Mokstur er á svæðinu yfir vetrartímann.

4.3.8. Sjúkrahús

Sjúkrahús er staðsett á Neskaupsstað. Sjúkrahúsið getur tekið á móti 10 slösuðum (gulum SÁBF), miðað við bráðaflokkunarkerfi almannavarna. Gert er ráð fyrir því að mikið slasaðir sem flokkaðir verða rauðir (SÁBF) verði fluttir beint á Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) eða til Reykjavíkur með sjúkraflugi. Þrjár sjúkrafreiðar eru staðsettar hjá Slökkviliði Fjarabyggðar en frekara viðbragð yrði sótt innan starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Flugvellir fyrir sjúkraflug eru staðsettir á Egilsstöðum og Neskaupsstað. Ómalbikað lendingasvæði fyrir þyrlu er staðsett á lóð Alcoa. Áætlaður lendingarstæði þyrlu er austan við bifreiðastæði starfsmanna framan við aðalinngang inn á skrifstofu AF.

Flug þyrlu frá Reykjavík tekur um 60 - 70 mínútur. Inni í þeim tíma er ekki viðbragðstími Landhelgisgæslunnar.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

4.4. Mengunarslys

Öryggisskýrsla (VBR-UHÖ-EHS1.11-001) og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (NEY-VBR-008) í samræmi við reglug.nr. 160/2007, sem er í umsjá umhverfissérfræðinga UHÖ-teymis, tekur á umhverfisógnunum sem steðjað gætu að fyrirtækinu. Til eru viðbragðsáætlanir á viðkomandi starfssvæðum vegna bráðamengunar, loftgæða og annarrar mengunar vegna leka (SharePoint svæði starfssvæða).

Við tilkynningu um vá skal allt starfsfólk álversins fylgja viðkomandi viðbragðsáætlun.

Minniháttar mengunarslys skulu meðhöndluð af starfsmönnum AF

Ef meiriháttar mengunarslys verður á starfssvæði AF verður skal kalla til Slökkvilið Fjarðabyggðar í gegnum Neyðarlínuna .

Meiriháttar mengunarslys skal tilkynna Heilbrigðisfulltrúa.

Ef efnið er óþekkt skal hafa samband við Eitrunarmiðstöðina í síma 543 2222.

4.4.1. Minniháttar mengunarslys

Minniháttar mengunarslys er þannig skilgreint að ef lítið magn (minna en 50L) af menguðu efni, olíu eða öðrum úrgangi fer út í náttúrauna eða niður í jarðveginn. Viðbrögð við þess háttar slysi eru að efnið skal hreinsað upp úr jarðveginum sem og mengaði jarðvegurinn.

Tilkynna ber atvikið til næsta yfirmanns eins fljótt og hægt er eða við upphaf næsta dags.

4.4.2. Meiriháttar mengunarslys

Meiriháttar mengunarslys er skilgreint á þann hátt að mikið magn (meira en 50L) af menguðu efni fer út í náttúruna, niður í jarðveginn, ef efnið er óþekkt eða sprengihætta stafar af efninu. Einnig er það skilgreint sem meiriháttar mengunarslys ef mikið magn af gastegundum eða sambærilegum efnnum sleppur út í andrúmsloftið. Tilkynna ber atvikið strax til Neyðarlínu sem virkjar boðunaráætlun.

Öll mengunarslys skal tilkynna og skrá í atvikaskráningarkerfi AF.

4.5. Efnaslys (rannsóknarstofa)

Ef efnaslys verður á rannsóknarstofu skal vinnulýsing (Viðbragð við efnaleka á rannsóknarstofu) við efnaleka virkjuð. Viðkomandi gefur upplýsingar um hvaða efni er um að ræða, ef þekkt er, og útvegar öryggisefnablað fyrir efnið úr gagnagrunni AF Paratox Pro.

Þrír neyðarútgangar eru á rannsóknarstofunni.

Krafa er gerð um að öll efni á rannsóknarstofu séu skráð og listi yfir efnin sé aðgengilegur.

Ef um stóran efnaleka er að ræða og utanaðkomandi aðstoðar er þörf, skal hafa samband við Neyðarlínuna í síma **112**.

4.6. Efnaslys (vatnshreinsivirki)

Ef efnaslys verður á vatnshreinsivirkinu skal viðbragðsáætlunin (Viðbragð við efnaleka í vatnshreinsivirki) virkjuð. Viðkomandi gefur upplýsingar um hvaða efni er um að ræða, ef þekkt er, og útvegar öryggisefnablað fyrir efnið úr gagnagrunni AF Paratox Pro.

Krafa er gerð um að öll efni í vatnshreinsivirki séu skráð og listi yfir efnin sé aðgengilegur.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Ef um stóran efnaleka er að ræða, efnið ekki þekkt, og utanaðkomandi aðstoðar er þörf, skal hafa samband við Neyðarlínuna í síma **112**.

4.7. Sprenging

Ef sprenging verður á starfssvæði AF og slys verður skal kalla til viðbragðsaðila, í gegnum Neyðarlínuna. Við hópslys skal hafa samband við Neyðarlínuna og óska eftir því að hópslysaáætlun á starfssvæði Almannavarnar Austurlands sé virkjuð. Ef hópslysaáætlun er virkjuð fer lögreglustjórinn á Austurlandi með stjórn vettvangs.

Ef til sprengingar kemur, þar sem hópslysaáætlun er virkjuð, skal skal Neyðarlínan boða út neyðarstjórn AF.

4.8. Neyðarrýming

Ef til neyðarrýmingar kemur skulu starfsmenn yfirgefa það vinnusvæði sem við á tafarlaust án þess að taka nokkuð með sér. Búið er að skilgreina söfnunarsvæði fyrir starfsfólk AF og aðra sem starfa innan lóðar AF. Starfsmenn skulu ganga, ekki hlaupa, á næsta örugga söfnunarsvæði.

Boð um rýmingu verða send af neyðarlínu í tetrastöðvar starfsmanna.

Ábyrgðamenn verktaka tryggja að verktakar rými svæðið samkvæmt skipunum ábyrgðarmanns.

Alls eru 9 skráð söfnunarsvæði innan lóðar AF. Það er fyrirfram ákveðið á hvaða söfnunarsvæði hver eining skal fara á svo lengi sem öryggi starfsfólks er ekki ógnað á því svæði.

- Starfsfólk í steypuskála á að fara á söfnunarsvæði í skautsmiðju
- Starfsfólk í skautsmiðju á að safnast saman í steypuskála
- Starfsfólk í kerskála á að safnast saman í mötuneyti
- Starfsfólk á Central á að safnast saman í mötuneyti
- Starfsfólk í skrifstofubyggingu 341 á að safnast saman í mötuneyti
- Starfsfólk í kerskála, kranaverkstæði og kersmiðju á að safnast saman í mötuneyti
- Starfsfólk í rafveitu á að safnast saman í skautsmiðju

Undantekningar á þessu er þó ef þarf að rýma allt starfssvæði AF. Þá eiga allir að safnast saman í mötuneyti, ef svæðið er öruggt, og bíða frekari fyrirmæla.



Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

4.9. Almannaástand, jarðskjálftar, eldgos, óveður og önnur náttúruvá

Á vinnusvæði AF eru ekki miklar líkur á jarðskjálfta vegna jarðfræðilegra aðstæðna. Eldgos geta truflað starfsemi vegna öskufalls eða mengunar. Óveður með rigningu og snjó geta orðið og truflað vinnu, samskipti og samgöngur.

Helstu viðbragða er getið í NEY-VBR-005. Nánari upplýsingar um náttúruvá er að finna á heimasíðu almannaástands.

Undir lýsingu á hverri vá á heimasíðunni má finna viðbrögð við henni <http://www.almannavarnir.is/natturuva/>

Í óveðrum og ófærð eru gerðar ráðstafanir í samræmi við reglur (NEY-VBR-006 og VBR-MAN-STA-001).

Veðurstofa Íslands gefur út [veðurspá](#), [veðurviðvaranir](#) og [upplýsingar um ástand og færð á vegum](#) koma frá Vegagerðinni. Nánar um viðbrögð á vefsíðu almannaástands :

http://www.almannavarnir.is/natturuva/farvidri_ofsavedur/

Þegar lýst er yfir almannaástandi, vegna náttúruhamfara, fer lögreglustjórinn á Austurlandi með stjórn aðgerða á svæðinu sk. 11 gr. laga um almannaástand nr. 82/2008.

4.10. Sjúkdómar

Ef bráðir sjúkdómar koma upp innan AF verður brugðist við þeim í samræmi/samráði með Almannaástandi.

4.11. Læknisþjónusta

Læknar eru staðsettir á HSA á Reyðarfirði og Neskaupsstað. Að jafnaði eru læknar ekki ræstir út þegar óskað er eftir sjúkrabifreið. Það mat liggur hjá starfsfólki Slökkviliðst Fjarðabyggðar. Upplýsingar, og aðstoð, frá hjúkrunarfræðing er hægt að fá í síma 1700.

4.12. Skráning slysa, sjúkdóma og veikinda

Alla sjúkdóma, veikindi skal tilkynna til Heilsuverndar sem er trúnaðar læknisstofnun AF. Starfsmenn AF fara í heilsufarsskoðun samkvæmt áætlun sem er vistuð á heilsugæslu AF.

4.13. Viðbrögð við rafmagnsleysi

Almennir starfsmenn halda kyrru fyrir þar til straumur kemur aftur á eða yfirgefa starfsstöðvar sínar eftir fyrirmælum yfirmanna (NEY-VBR-002).

Hvert svæði hefur sína viðbragðsáætlun og gátlista við rafmagnsleysi (*SharePoint síða UHÖ undir Neyðarviðbrögð*).

Öll neyðarlýsing skal vera rafhlöðuknúin og virk í minnst 2 tíma eftir að straumur rofnar.

4.14. Neyðarrafstöðvar

RARIK á Austurlandi á margar díselrafstöðvar sem má nýta í neyðaraðstæðum. Lista yfir þær er að finna hjá rafveitu.

Lista yfir díselrafstöðvar AF er að finna hjá rafveitu. Allar vararrafstöðvar eru skoðaðar reglulega og þeim viðhaldið til að tryggja frammistöðu samkvæmt lýsingum. Áreiðanleikateymi ber ábyrgð á rekstri rafstöðva. Eftir að rafmagn kemst aftur á eru allar rafstöðvar skoðaðar og gáð að olíu og réttri starfsemi.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

4.15. Vatn

Slökkvivatn:

Ef vatnsskortur verður hjá AF eru á staðnum tveir 1.000 rúmmetra tankar sem fóðra eldvarnakerfi, úðakerfi og slöngukerfi í byggingum fyrir vatni, til að bregðast við eldsvoða. Að auki er 13.000 lítra tankbíl tiltekur hjá slökkviliði Fjarðabyggðar.

Dísel drifin brunadæla ásamt rafdrifinni brunadælu eru staðsettar í brunadæluhúsi bygging nr. 761 við vatnstanka. Dælurnar fara sjálfvirkt í gang við lægri þrýsting á brunalögn. Verði rafmangslaust og/eða rafmagnsdæla fer ekki í gang fer dísel dæla í gang. Viðhaldsteymi AF sjá um reglubundið viðhald og öryggisgæsla sér um eftirlit með þessa búnaðar.

Drykkjarvatn: Sveitarfélagið útvegar drykkjarvatn. Vinnusvæði með engum drykkjarvatnslögnum hafa færanlegar drykkjarstöðvar. Varabirgðir drykkjarvatns þarf að geyma á vinnusvæðinu þannig að ef vatnsbirgðir þrjóta má geyma vatn í ílátum.

4.16. Eldsneyti

Lituð Dísilólía er tiltæk í 37.000 lítra tanki á lóð AF sem er ætlað fyrir iðnaðarfarartæki. Það er brýnt að eldsneytismagn fari aldrei niður fyrir 7.000 lítra svo nægilegt magn sé tiltækt í neyðaraðstæðum. Olíufélagið N1 á tankinn og framkvæmir á honum reglulega skoðun til að tryggja að nægjanlegar olíubirgðir séu til staðar.

4.17. Framleiðsla

Viðbrögð Rafveitu og framleiðslu eru tilgreind í viðbragðsáætlunum svæða.

5. Skemmdir á eignum og tækjum

Starfsmenn AF skulu fara vel með eigur fyrirtækisins. Ávalt skal fara eftir settum reglum er varða notkun, meðferð og umgengni þegar vélar og tæki fyrirtækisins eru notuð. Ef skemmdir á eignum og tækjum verða skal fylgja eftirfarandi:

5.1. Minniháttar skemmdir á eignum

Allar minniháttar skemmdir á tækjum og eignum skal tilkynna til næsta yfirmanns. Ef skemmdirnar eru á ökutæki, á þann hátt að þær ógni öryggi starfsmanns, skal fara með ökutækið beina leið í viðgerð á farartækjaverkstæði AF. Ef um búnað eða tæki er að ræða skal hafa samband við viðhaldsteymi AF til að líta á og gera við eftir þörfum.

Ef slys verða er vísað í slysakaflann hér að ofan.

5.2. Meiriháttar skemmdir á eignum

Allar meiriháttar skemmdir á tækjum og eignum skal tilkynna þau til næsta yfirmanns. Ef um ökutæki er að ræða skal fara með með beina leið á farartækjaverkstæði AF í eftirlit. Ef um búnað eða tæki er að ræða skal hafa samband við viðhaldsteymi AF til að líta á og gera við eftir þörfum.

Ef slys verða er vísað í slysakaflann hér að ofan.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

5.3. Hryðju- eða skemmdarverk

Hryðju- eða skemmdarverk sem og grunsamlegar mannaferðir, átök, óspektir, mótmæli eða hótanir geta valdið truflun á vinnu, vandræðum og hættu fyrir starfsmenn og framleiðsluferlið. Mikilvægt er að rétt sé brugðist við eftir eðli atviks.

Hafið einkum þetta í huga:

- Verið vakandi yfir umhverfinu og óeðlilegum aðstæðum.**
- Takið aldrei óþarfa áhættu, biðjið um hjálp og aðstoð.**

Viðbrögðum er nánar lýst í NEY-VBR-007.

Ef hryðjuverk/skemmdarverk eiga sér stað innan iðnaðarsvæðis AF skal virkja Neyðarstjórn AF. Hafa skal samband við Neyðarlínuna og senda boð um að Neyðarstjórn verði virkjuð.

6. Rannsókn, skráning atvika

Markmið rannókna er að greina atburðarrásina sem leiddi til atviksins og til að koma í veg fyrir að sambærilegt, eða alvarlegra atvik, endurtaki sig.

Rannsókn miðast að því að rótargreina atvikið til að fá rétta niðurstöðu.

Ábyrgðarmaður atviksins ber ábyrgð á rannsókninni.

Ábyrgðarmaður sækir sér aðstoð frá öðrum deildum eða utanaðkomandi aðilum eftir þörfum. Forstjóri getur tekið ákvörðun vegna meiriháttar atvika að rannsókn verði stjórnað af öðrum aðilum.

Rannsóknin skal fara fram eftir viðukenndri aðferð til að rótargreina atvik. Út úr rannsókninni skulu koma tillögur að umbótum til að hindra endurtekningu sambærilegra atvika. Innri rannsókn kemur ekki í staðinn fyrir að opinberir aðilar rannsaki slysið.

Framkvæmdastjórar ferla vakta eftirfylgni rannsókna og umbóta. Framkvæmdastjórar sjá til þess að leggja fram auðlindir til að hægt sé að hrinda umbótum í framkvæmd.

Skilgreiningu slysa, lágt, meðal og hátt, má finna í VLR-FRH-UMB-001. Þar er einnig að sjá tímamörk á rannsóknum og meðhöndlun FSI-P atvika.

6.1. Næstum því slys

Næstum því slys eru aðstæður sem gætu hafa leitt til þess að starfsmaður hafi slasast þegar óvæntur atburður hefur átt sér stað.

Öll næstum því slys skulu tilkynnt og skráð þannig að hægt sé að bregðast við þeim hættum sem stafa að starfsmönnum og koma í veg fyrir að slys verði þar sem hættan er. Stefna AF er að allir starfsmenn fari heim í sama ástandi og þeir komu til vinnu. Því er mikilvægt að framangreindum fyrirmælum sé fylgt.

6.2. Hættulegar aðstæður

Hættulegum aðstæðum þarf að bregðast við strax og útiloka hættuna. Hættulegar aðstæður eru þegar vinnuumhverfi eða ástand vinnuumhverfis getur auðveldlega leitt til atviks.

Ef verulegar líkur eru á að atvikið verði alvarlegt skal rannsaka það sem meðal eða hátt atvik.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

7. Samskipti – samfélag

7.1. Fjölmíðlar

Mikilægt er að fréttaflutningur sé réttur og aðeins einn aðili sé tengiliður við fjölmíðla. Allir starfsmenn skulu ávallt vísa öllum fyrirspurnum til stjórnanda samskipta- og samfélagsmála.

Ef starfsmaður hefur slasast skulu engar upplýsingar veittar fyrir en fjölskyldu hins slasaða hefur verið gert viðvart. Tilkynning til fjölskyldu skal vera í höndum forstjóra eða þess aðila sem hann tilnefnir til þess (VBR-MAN-STA-002).

Stjórnandi samskipta- og samfélagsmála og forstjóri AF bera ábyrgð á hvaða upplýsingar eru veittar og hvernig. Stjórnandi samskipta- og samfélagsmála skal vera í góðum tengslum við utanaðkomandi viðbragðsaðila eins og t.d. slökkviliðsstjóra. Allar upplýsingar til fjölmíðla skulu berast frá stjórnanda samskipta- og samfélagsmála AF, slökkviliðsstjóri og aðrir viðbragðsaðilar vísa beint á stjórnanda samskipta- og samfélagsmála varðandi upplýsingar sem tengjast AF.

7.2. Lagaálitamál

Það er á ábyrgð lögfræðinga AF, að sjá um lagaleg álitamál, í samstarfi við framkvæmdastjórn.

7.3. Samvinna við stéttarfélög

Það er afar brýnt að gott samband verði við stéttarfélög um mál sem varða réttindi starfsmanna, laun, öryggi á vinnustað, mótmæli og óróa. Allir árekstrar eða deilur í slíkum málum geta auðveldlega orðið að vinnudeilum. Það er á ábyrgð mannauðsstjóra að skipuleggja og stjórna fundum með forystufólki stéttarfélaga og miðla upplýsingum eins og við á um þessa starfsemi.

7.4. Sveitarfélög

Komi til þess að upplýsa þurfi sveitarstjórn eða almenning um atvik er það á ábyrgð stjórnanda samskipta- og samfélagsmála í samráði við forstjóra AF.

7.5. Upplýsingagjöf um atvik eða slys

Röng eða misvísandi skilaboð úr sínum eða á netmiðlum geta gert ógagn og ber að forðast að veita upplýsingar án heimildar af slysstað eða um atvik. Myndatökur á slysstað eru einungis leyfðar til að nýta til rannsóknar á atvikinu. Vísa ber öllum utanaðkomandi fyrirspurnum á stjórnanda samskipta- og samfélagsmála og forstjóra AF.

7.6. Upplýsingagjöf til stofnana vegna starfsleyfis

Framkvæmdastjóri UHÖ-teymis er ábyrgur fyrir réttum upplýsingum á réttum tíma til stofnana vegna hugsanlegra frávikna ef um atvik eða slys er að ræða.

7.7. Upplýsingagjöf til lögreglu

Sérfræðingur í öryggismálum ber ábyrgð á að kalla til og að sjá um samskipti við lögreglu ef um meiriháttar vinnuslys er að ræða þar sem sjúkrabíll flytur þann slasaða af vettvangi.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

7.8. Upplýsingagjöf til Vinnueftirlits og Mannvirkjastofnunar

Sérfræðingur í öryggismálum ber ábyrgð á að kalla til og að sjá um samskipti við Vinnueftirlit ef slys verður á starfsfólki AF.

Rafveitustjóri tilkynnir rafmagnsslys til Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar (HSM). Stjórnendur verktakafyrirtækjanna bera ábyrgð á að tilkynna slys á þeirra starfsfólki til opinberra stofnanna eftir því sem það á við.

7.9. Upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits

Framkvæmdastjóri UHÖ ber ábyrgð á að kalla til og að sjá um samskipti við Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit vegna umhverfisatvika.

8. Stjórnstöðvar og önnur aðstaða í vá

8.1. Neyðarstjórnstöð

Neyðarstjórnstöð og fjarskiptastöð eru settar upp þar sem henta þykir hverju sinni. Hjá öryggisgæslu í móttöku er fyrir hendi útprentað eintak af þessari áætlun og talstöð fyrir Neyðarstjórn AF.

8.2. Söfnunarsvæði

Við rýmingu skal beina fólki út á fyrirfram skilgreind söfnunarsvæði ([11.1](#)). Þar fer fram talning út úr húsi sem tilkynnt er til neyðarstjórnstöðvar (NEY-STA-001). Fólki er síðan vísað á að safnast saman í mótuneyti í byggingu 620 nema önnur fyrirmæli komi frá neyðarstjórnstöð.

8.3. Neyðarskýli

Hægt er að nota sem neyðarskýli fyrir álverið búningsklefa á neðstu hæð 620. Þau eiga að veita nægilega vernd fyrir hamförum af náttúru- eða mannavöldum.

Ef þörf er fyrir skýli utan við verksmiðjussvæðið, verða starfsmenn fluttir með rútum til Reyðarfjarðar í samráði við yfirvöld.

8.4. Fjöldahjálparstöðvar

Ef yfirvöld lýsa yfir neyðarástandi, eru skilgreindar fjöldahjálparstöðvar Almannavarna opnaðar.

Rauði kross Íslands hefur umsjón með fjöldahjálparstöðvum. Grunnskóli Reyðarfjarðar er fjöldahjálparstöð svæðisins. Í nágrannabæjarfélögunum þjóna grunnskólarnir einnig sem fjöldahjálparstöðvar.

9. Öryggisgæsla

Starfsmenn sem sinna öryggisgæslu eru kunnugir þessari áætlun og hafa ítarlegar, skriflegar leiðbeiningar um ábyrgð þeirra og leiðsögn vegna viðbragða við vá. Auk þessarar áætlunar skal öryggisgæsla hafa símanúmer neðangerindra aðila vistaða í vakt sínum:

- Símanúmer sérfræðings í öryggismálum, umsjónamanns verktaka og framkvæmdastjóra UHÖ.
- Símanúmer verksmiðjuvaktar.
- Símanúmer hjúkrunarfræðinga fyrirtækisins.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Samþykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

9.1. Stjórnstöð

Við neyðaraðstæður sem krefjast stjórnstöðvar, skal hún sett upp þar sem henta þykir ([8.1](#)).

9.2. Öryggi á vinnusvæði

Öryggisgirðing á vinnusvæði er ætluð til að skilgreina/afmarka vinnusvæðið og þar með fyrirbyggja að óviðkomandi komi inn á vinnusvæðið. Því verður að huga sérstaklega að þessum þætti áætlunarinnar.

- Girðingin skal skoðuð reglulega og við hana gert þar sem þörf krefur.
- Hreint svæði minnst 3 metrar sitt hvoru megin við girðingu er nauðsynlegt til að geta fylgst vel með.
- Góð lýsing er forsenda góðrar gæslu við girðinguna.
- Til að tryggja að öryggis við vinnusvæðið sé gætt, sér öryggisgæsla um vikulega skoðun.

9.3. Starfsmannaskilríki

Starfsmannaskilríki eru plastkort með mynd og nafni starfsmanns. Þrjár gerðir starfsmannaskilríkja eru innan svæði AF. Blá rönd er á kortum fyrir starfsmenn AF. Græn rönd er á kortum fyrir starfsmenn verktaka og gul rönd er á kortum verktaka sem þurfa einungis aðgang að skrifstofubyggingunni 620.

Allir sem hafa aðgang að svæðinu hafa hlotið þjálfun með tilliti til starfs þeirra inn á lóð AF.

9.4. Gestir

Eftirlit og móttaka gesta er við aðalinngang í byggingu 620. Aðilar sem hafa aðgang til að samþykka gesti (ábyrgðaraðili gesta) inn á lóð AF eru skráðir inn í aðgangsstýringakerfi gesta sem samþykkjendur.

Sérfræðingur í öryggismálum og umsjónamaður verktaka bera ábyrgð á skráningu ábyrgðaraðila í aðgangsstýringakerfi gesta. Ábyrgðaraðili gesta ber ábyrgð á gesti/gestum á meðan heimsókn fer fram á lóð AF.

10. Boðleiðir og fjarskipti í vá

10.1. Boðleiðir

Innri upplýsingakeðja AF í vá er eftirfarandi:

Atvik: Leiðtogi á svæði – framkvæmdastjóri svæðis – forstjóri.

Slys: Leiðtogi – UHÖ og framkvæmdastjóri svæðis – forstjóri.

Við alvarleg atvik eða slys ber að hringja beint í Neyðarlínu.

Ytri upplýsingakeðja AF í vá er eftirfarandi:

Umhverfisatvik: Framkvæmdastjóri UHÖ – Umhverfisstofnun og / eða heilbrigðiseftirlit.

Slys: Sérfræðingur í öryggismálum – Vinnueftirlit og / eða Mannvirkjastofnun.

Vá: Forstjóri/staðgengill – Almannavarnir og / eða neyðarstjórnir annarra aðila.

Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

10.2. Fjarskipti

Skjót og örugg boðun og miðlun upplýsinga í vá, viðvarana og fyrirmæla í verksmiðju og beiðni um aðstoð utan frá þegar nauðsyn krefur, skilur á milli öryggis og óreiðu. Því er brýnt að þessi þáttur sé vandlega athugaður og skipulagður í þaula.

Viðbragðsaðilar AF eru skráðir í vettvangseiningar í útkallskerfi Neyðarlínu *Bjargir* (kafla [12](#)).

Þegar hringt er í neyðarlínu **112** eru send út sms-boð á viðbragðsaðila eftir óskum AF. Viðbragðsaðilar taka þá við þeim hlutverkum sem þeir hafa og samskipti eftir það fara síðan í gegn um talstöðvar.

Talstöðvakerfi er notað á öllum framleiðslusvæðum álversins. Allir starfsmenn eru með persónulegar talstöðvar fyrir venjuleg framleiðslusamskipti. Kerfið byggist á stöðvakerfi sem er staðsett á álverssvæðinu. Upplýsinigatækniteymi er tengiliður við Neyðarlínu sem rekur TETRA kerfið á Íslandi. Teymið sér um viðhald og leiðbeiningar vegna talstöðvakerfis. Framleiðslusvæði AF eru ábyrg fyrir almennri og umgengni, noktun talstöða og viðhaldi talstöða.

Skilgreindir aðilar eru í hópi sem kallast Alcoa uppkall. Þeir geta yfirtekið talhópa á þann hátt að hægt er að kalla út rýmingu, þannig að allir heyri, sem dæmi. Þeir aðilar sem eru í þeim talhópi fá sérstaka þjálfun.

Allir lykilstjórnendur hafa aðgang að TETRA stöð.

TETRA stöðvarnar eru forritaðar með mörgum talhópum, bæði fyrir innri hópa AF og fyrir samstarf við lögreglu og björgunarsveitir, Landsnet og Landsvirkjun vegna rafmagns og margar rásir fyrir neyðarsamskipti við almannavarnir. Í kafla [12.8](#) er skrá yfir aðra talhópa.

Neyðarstjórn hefur sérstakan talhóp til samskipta í vá ([12.8](#)).

11. Viðbrögð við vá

Í vá getur góð þjálfun, árvekni og undirbúningur skilið á milli smáskaða, stórslyss eða lífs og dauða. Viðbrögð vegna vá í rekstri AF eru skilgreind í viðbragðsáætlunum rekstrar og viðbragðsáætlunum neyðarstjórnar. Neyðarstjórn greinir þá vá sem getur ógnað fyrirtækinu og lætur gera viðbragðsáætlanir vegna þeirra eftir því sem við á. Neyðarstjórn AF verður virk ef einhver þessara atburða gerist (NEY-HLU-001 og NEY-HLU-002).

Allar helstu byggingar á vinnusvæði AF hafa skriflegar viðbragðsáætlanir sem starfsmenn hafa tekið saman með áherslu á réttar aðgerðir þegar nauðsyn krefur. Viðbragðsáætlanir fjalla m.a. um örugga rýmingu vinnuafis og ítarlegar upplýsingar um réttar aðferðir við að tryggja hverja byggingu til að hindra eða lágmarka frekara tjón eða hættu, ef tíminn leyfir. Þessar reglur gilda um, en takmarkast ekki við, framleiðslulínur, vélar, krana og önnur færanleg tæki.

Válisti AF

Náttúruvá	Nánar	Viðbragðsáætlanir
Jarðskjálfti	Svæðið utan megin jarðskjálftasvæða	NEY-VBR-005
Eldgos	Öskufall, gasmengun	NEY-VBR-005
Flóð	Sjávarflóð, flóð vegna leysinga/asahláku	NEY-VBR-005 tenglar
Veðuraðstæður	Stormur, selta, ísing, snjócoma, eldingar, ófærð	NEY-VBR-005 NEY-VBR-006 VBR-MAN-STA-001
Vá af mannavöldum	Nánar	--
Hótanir	Starfsmönnum eða rekstri verksmiðjunnar er hótad alvarlegu tjóni	NEY-VBR-007 NEY-TKY-001 og 002
Skemmdarverk	Alvarlegar skemmdir á búnaði	NEY-VBR-007 NEY-TKY-001, -002
Hryðjuverk	Alvarleg slys á fólki og tjón á búnaði	NEY-VBR-007
Stórfelld mistök	Atburður sem stefnir lífi stafsmanna eða rekstri verksmiðjunnar í mikla hættu	--
Farsótt	Rekstur með lágmarksmönnun	Viðbragðsáætlanir svæða vegna mannekklú
Stórfelldar bilanir	Nánar	--
Bilanir á búnað	Meiriháttar bilun í búnaði verksmiðjunnar Atburður sem stefnir rekstri verksmiðjunnar í mikla hættu.	Ýmsar viðbragðsáætlanir í rekstri
Bilanir á búnaði annarra	Straumleysi vegna bilana hjá LV eða LN	NEY-VBR-002 Viðbragðsáætlanir svæða
Stórslys	Nánar	--
Stórbruni / eldsvoði	Í verksmiðju eða skrifstofubyggingu	NEY-VBR-001 Viðbragðsáætlanir svæða
Rútuslys / hópslys	Starfsmenn AF á leið til / frá vinnu (slys á mörgum starfsmönnum)	VBR-MAN-STA-002
Skip ferst /hlekkest á í hafi	Skip á vegum AF	--
Áföll	Áföll sem starfsmenn verða fyrir	VBR-MAN-STA-002
Mengun	Umhverfisatvik eða mengun af völdum starfsemi AF	VBR-UHÖ-EHS1.11-001 NEY-VBR-008


		Viðbragðsáætlunir svæða vegna leka má finna í NEY-VBR-008
Framleiðsla	Sprenging í bráðnum málm, ljósbogi í kerskála	Viðbragðsáætlunir kerskála, skautsmiðju og steypuskála
Annað	Nánar	--
Rýming	Rýming vegna hvers konar neyðartilvika	Rýmingaráætlunir svæða
Flutningur starfsmanna	Flutningur starfsmanna í neyðartilvikum	VBR-MAN-STA-001
Rafmagnsleysi	Rafmagnsleysi í verksmiðjunni	NEY-VBR-002 Viðbragðsáætlunir Kerskála Viðbragðsáætlunir svæða
Vatnsskortur	Skortur á neysluvatni, slökkvivatni eða vatni til framleiðslu	--
Eldsneytisskortur	Skortur á eldsneyti fyrir farartæki og framleiðslu	Kafla 11.11
Fjármál	Efnahagshrun, gengismál	--
Ímynd	Skaðlegar fréttir, stórslys (menn, umhverfi), fjármál	--

11.1. Rýming

Rýming bygginga eða á svæðum álversins kann að vera fyrirskipuð vegna ýmissa ástæðna, svo sem eldsvoða, sprengihættu, jarðskjálfta, aftakaveðurs eða hótunar. Viðbragðsáætlunir vinnusvæða innifela rýmingaráætlunir.

Rýmingaráætlunir eru uppsettar við alla innganga í byggingum.

Rýming bygginga. Ef rýma þarf ákveðnar byggingar verða brunabjöllur og viðvaranir í viðkomandi byggingum ræstar. Allir skulu þá yfirgefa viðkomandi byggingu og safnast saman á fyrirfram ákveðnu söfnunarsvæði þar sem talning fer fram og frekari fyrrimæli verða gefin.



Rýming álverssvæðisins. Ef rýma þarf álverssvæðið verða brunabjöllur eða aðrar viðvaranir ræstar. Allir skulu þá yfirgefa viðkomandi byggingar og safnast saman á næsta söfnunarsvæði og bíða fyrir mæla.

Enginn má fara aftur inn í byggingu án leyfis. Leiðtogar sjá um nafnakall á söfnunarsvæði (NEY-STA-001).

Rýming á svæðinu fer ekki fram fyrr en æðsti yfirmaður á vettvangi skipar svo fyrir.

Starfsmenn verða sóttir á söfnunarsvæði með rútum og fluttir til annarra fjöldahjálparstöðva (8.4) ef rýma þarf lóð fyrirtækisins, annars er fólki beint í mötuneyti í byggingu 620.

11.2. Flutningur starfsmanna

AF sér starfsmönnum fyrir flutningi milli álverssvæðisins og nærliggjandi byggðarlaga. Bílarnir er búnir öllum venjulegum björgunarbúnaði samkvæmt lögum og bílstjórar fá skyndihjálparþjálfun. Í neyðartilfellum þegar flytja þarf starfsfólk í burtu af svæðinu hefur mannauðsteymið það hlutverk að kalla til rútur á svæðið, í samráði við neyðarstjórn (VBR-MAN-STA-001).

Sérfræðingar í öryggismálum og umsjónarmaður verktaka fara yfir áhættumat akstursleiða í samráði við stjórnendur rútufyrirtækjanna, á hverju hausti. Áhættumatið felur í sér viðmið um hvenær skuli fella niður ferð vegna veðurs á tilteknum akstursleiðum (sjá UHÖ-sharepoint áhættumöt).

Vegagerðin gefur út tilkynningar um ástand vega. Upplýsingar má fá með því að hringja í símsvara Vegagerðarinnar eða fara á vefsíðu Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/ferdaupplýsingar/faerd-og-vedur/austurland-faerd-kort/>

Veðurstofan gefur út veðurviðvaranir svæða: <https://www.vedur.is/vidvaranir>

Ökutæki á vegum Alcoa Fjarðaáls (ökutæki rútufyrirtækja) mega aldrei aka um lokaða vegi án leyfis frá Vegagerðinni. Vegagerðin getur gefið út sérstök leyfi fyrir ökutæki Alcoa til að fara um vegi sem verið er að hreinsa fyrir aðra umferð.

AF gerir þær kröfur til starfsmanna sem fara á eigin vegum milli heimilis og vinnu að hlíta tilkynningum Vegagerðarinnar.

12. Neyðarnúmer og TETRA talhópar

12.1. Lögregla og slökkvilið

Staðarþjónusta: Hringið í 112

12.2. Sjúkrahús og sjúkrabílar

Staðarþjónusta: Hringið í 112

12.3. Heilsugæsla

Bygging 620, 2 hæð: Hringið í 470-7813

Sími eftir lokunartíma heilsugæslu er vaktsími Securitas 825 2675.

12.4. Björgunarsveitir

Hringið í 112

12.5. Vegagerðin og Veðurstofan

Vegagerðin

Símsvari: 1777

Tengill: 522-1000

Veðurstofan

Símsvari: 522-6300

12.6. Neyðarsímanúmeralisti – Bjargir.is

Listi yfir einstaklinga sem eru skráðir í vettvangseiningar m.a. Neyðarteymi og á útkallslista AF. Sérfræðingur í öryggismálum ber ábyrgð á því að listinn sé uppfærður en framkvæmdastjórar bera ábyrgð á því að útvega nafnalista um hvaða einstaklingar eiga að vera skráðir.

Vettvangseiningarnar eru: Almenn viðbragð – tilkynning, Neyðarstjórn Alcoa, Neyðarteymi AF og, NSR-hópur.

12.7. Neyðarnúmer sjúkrþjónustu

Heilsugæslan Reyðarfirði kl. 8-16	470 1420
Heilsugæslan Eskifirði kl. 8-16	470 1430
Heilsugæslan Egilsstöðum kl. 8-16	470 3000
Heilsugæslan Norðfirði	470 1450
Símaver læknavaktar Fjarðabyggðar eftir opnunartíma heilsgæslu	1700
Bráðamóttaka Fossvogi	543 2000


Útgáfa:	Gildir frá:	Ferli:	Undirferli:	Eigandi skjals:	Höfundur:	Sampykkt af:
4.0	2. september 2024	Stýra umhverfi, heilsu og öryggi	EHS1.10 Neyðarviðbúnaður	Ferliseigandi	Júlíusson, Jóakim	Einarsson, Helgi Sigurður

Eitrunarmiðstöðin Fossvogi

543 2222

12.8. TETRA-talhópar AF

Talhópar AF eru ekki dulkóðaðir.



21/11/2017 1

13. Tilkynningarlisti

Allir starfsmenn Alcoa Fjarðaáls.